

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (528. mál).


Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf.

Að mati Viðskiptaráðs mun frumvarp þetta, verði það að lögum og heimildir þess nýttar, styrkja enn frekar þann lánamarkað með verðbréf sem OMX kauphöll Íslands setti á laggirnar síðastliðið vor. Virkur lánamarkaður eflir skoðanamyndun á markaði og styrkir verðbréfamarkaðinn í heild sinni. Verðbréfalán geta enn fremur aukið skilvirkni á markaði og auðveldað uppgjör félaga, eins og rakið var í skýrslu forsætisráðherra um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð. Viðskiptaráð tekur því undir það sjónarmið skýrslunnar að innleiðing virks lánamarkaðar með verðbréf sé nauðsynleg forsenda þess að hér á landi sé fjármálamarkaður sem uppfylli öll helstu skilyrði sem alþjóðlegur verðbréfamarkaður þarf að uppfylla. Aðkoma lífeyrissjóða skiptir sköpum fyrir virkni slíks markaðar.

Þau sjónarmið hafa verið reifuð að ekki sé rétt að lífeyrissjóðir taki þátt í markaði af þessu tagi. Í framangreindri skýrslu var bent á að slíkur markaður geti komið lífeyrissjóðum vel, t.d. ef þeir vilja tímabundið minnka áhættu vegna hlutabréfastöðu. Einnig hefur verið bent á að til lengri tíma litíð myndu verðbréfalán af þessu tagi auka ávöxtun lífeyrissjóðanna – til hagsbóta fyrir íslenska lífeyrisþega. Þessu til viðbótar þá getur virkur lánamarkaður með verðbréf jafnað sveiflur á markaði og haldið aftur af árásum spákaupmanna með því að draga úr líkum á óraunhæfum hækkunum á markaði – til hagsbótar fyrir efnahagslífið í heild sinni.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs